

# Jarðfræðafélag Íslands

## Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2018

Á fyrri hluta starfsársins 2018 störfuðu í stjórn félagsins Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Þóra Björg Andrésdóttir (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Sigurlaug María Hreinsdóttir (ritari), Ásta Rut Hjartardóttir (meðstjórnandi), Sylvía Rakel Guðjónsdóttir (meðstjórnandi) og Erla María Hauksdóttir (meðstjórnandi).

Vorráðstefna félagsins var haldin þann 9. mars í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Líkt og áður var jarðfræðinemendum boðið endurgjaldslaust á ráðstefnuna, en stjórn félagsins telur mikilvægt að nemendur fjölmenni á ráðstefnur og viðburði félagsins og kynnist störfum jarðfræðastéttanna. Á ráðstefnunni var að vanda fjölbreytt dagskrá og mörg fróðleg erindi flutt. Ráðstefnuna sóttu yfir 100 manns, þar af fjölmargir nemendur. Alls voru 21 erindi haldin og 14 veggspjöld kynnt.

Aðalfundur félagsins var haldinn 20. júní í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Á aðalfundinum urðu þær breytingar að úr stjórn gekk Sylvía Rakel Guðjónsdóttir sem hefur starfað í félaginu frá árinu 2015. Henni er kærlega þakkað fyrir góð störf í þágu félagsins. Í hennar stað gekk í stjórn Ásdís Benediktsdóttir. Eftir aðalfund var skipan stjórnar eftirfarandi: Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Erla María Hauksdóttir (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Sigurlaug María Hreinsdóttir (ritari), Ásdís Benediktsdóttir, Ásta Rut Hjartardóttir og Þóra Björg Andrésdóttir (meðstjórnendur). Að öðru leyti voru störf aðalfundar hefðbundin.

Þann 12. október stóð Jarðfræðafélagið í samvinnu við Kötlu Jarðvang, Veðurstofu Íslands, Kötlu-setur, Sveitarfélagið Mýrdalshrepp og fleiri aðila fyrir ráðstefnu í tilefni þess að þann 12. október 2018 voru liðin 100 ár frá Kötlugosinu þann 12. október 1918.

Ráðstefnan var haldin í Vík í Mýrdal og voru 22 erindi flutt. Boðið var upp á kynningu fyrir skólabörn og aðra gesti ráðstefnunnar á starfsemi jarðvísinda við Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands og þau vöktunarkerfi sem notuð er til að vakta náttúruvá á landinu. Á laugardeginum 13. október var boðið upp á ferðir undir leiðsögn vísindamanna út á Hjörleifshöfða og um Mýrdalssand. Alls er talið að um 350 manns hafi mætt á ráðstefnuna auk skólabarna og yfir 100 manns komu í ferðirnar. Ekki var að sjá á öðru en ráðstefnugestir hafi verið mjög ánægðir með ráðstefnuna.

Eftirfarandi erindi voru flutt:

Páll Einarsson, Jarðvísindastofnun, Háskóla Íslands. *Sögulegar heimildir um aðdraganda Kötlugosa og samamburður við mælda forboða eldgosa seinustu áratuga á Íslandi.*

Eyjólfur Magnússon, Jarðvísindastofnun, Háskóla Íslands. *Skuggnst í undirheima Mýrdalsjökuls með íssjá.*

Ármann Höskuldsson, Jarðvísindastofnun, Háskóla Íslands. *Um eðli Kötlugosa.*

Þorvaldur Þórðarson, Jarðvísindadeild, Háskóla Íslands. *Yfirlit um útgösum brennisteins í Kötlugosum og hugsanleg áhrif þess á andrúmsloftið.*

Uta Reichardt, Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, Háskóla Íslands. *Kötlugos á þotuöld.*

Sigurður Sigurðarson, Vegagerðin. *Vík í Mýrdal, varnir gegn sjávarrofi og aðgerðir til að verjast því.*

Smári Jóhannsson, Landsnet. *Raforkuflutningskerfið – Áhætta vegna jarðvár.*

Þorleifur Jónasson, Póst- og fjarskiptastofnun. *Fjarskiptasamband á rýmingarsvæði Kötlu.*

Guðrún Larsen, Jarðvísindastofnun, Háskóla Íslands. *Allt orðið svart af sandi og ösku: Kötlugjóska 1918.*

- Magnús Tumi Guðmundsson, Jarðvísindastofnun, Háskóla Íslands. *Þar brunuðu fram heilar heiðar snævi þaktar: Ísbráðnun í gosinu 1918, tengsl hlaups og goss og eðliseiginleikar stórra Kötluhlaupa.*
- Magnús Tumi Guðmundsson, Jarðvísindastofnun, Háskóla Íslands. *Breytingar á Mýrdalssandi samfara Kötluhlaupum - hvað gerist í næsta stórhlaupi?*
- Helgi Gunnar Gunnarsson, Verkfræðistofan Vatnaskil. *Hermun Kötluhlaups í Múlakvísl og mat á rennsli til Víkur.*
- Tómas Jóhannesson, Veðurstofa Íslands. *Framrásarhraði jökulhlaupa á Mýrdalssandi.*
- Guðmundur Valur Guðmundsson, Vegagaerðin. *Kötlugos 2018 ? hver yrðu áhrif á samgöngur, vegi og brýr?*
- Kristín Jónsdóttir, Veðurstofa Íslands. *Eftirlit með Kötlu: Náttúruváreftirlit Veðurstofunnar.*
- Víðir Reynisson, Lögreglan á Suðurlandi. *Beðið eftir Kötlu, áskoranir í undirbúningi almannavarna í sí-breytilegu samfélagi.*
- Magnús Þór Einarsson, Landgræðsla ríkisins. *Ásýnd eftir sandgræðslu í Mýrdal.*
- Hulda Ragnheiður Árnadóttir, Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ). *Ef Katla gýs, hvaða tjón fest bætt?*
- Evgenia Ilyinskaya, School of Earth and Environment, University of Leeds, UK. *Mikil gaslosun frá Kötlu 2016 og 2017.*
- Halldór Geirsson, Jarðvísindastofnun, Háskóla Íslands. *Hvað segja jarðskorpureyfirgöngur okkur um kvikusöfnun Kötlu?*
- Björn Sævar Einarsson, Veðurstofa Íslands. *Katla sett á rautt: Veðurstofan og alþjóðaflugidið.*

Guðrún Gísladóttir og Deanne Bird, Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands. *Hvað getum við lært af fyrri kynslóðum? Reynsla Álfhveringa af Kötlugosinu 1918.*

Haustráðstefna félagsins var felld niður að þessu sinni vegna ónægðrar þátttöku.

Eftirfarandi nefndir störfuðu á vegum félagsins.

*Jökull* – fulltrúi félagsins í ritstjórn Jökuls: Gréta Björk Kristjánsdóttir. Í ritnefnd, Karl Grönvold og Kristján Sæmundsson.

*Sigurðarsjóður* – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Freysteinn Sigmundsson og Kristín S. Vogfjörð.

*Sigurðarmedalía* – Olgeir Sigmarsson (formaður), Ármann Höskuldsson og Þorsteinn Sæmundsson.

*Orðanefnd* – Haukur Jóhannesson (formaður), Steinþór Níelsson og Ívar Örn Benediktsson.

*Síðanefnd* – Ívar Örn Benediktsson (formaður), Daði Þorbjörnsson og Kristín S. Vogfjörð.

*Löggildingarnefnd* – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Sigmundur Einarsson og Páll Halldórsson.

*IUGS* (International Union of Geological Sciences, nefnd skipuð af umhverfisráðherra) – Þorsteinn Sæmundsson situr í stjórn fyrir hönd JFÍ.